

BAKKAÁ 1988

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1989

VMST-N/89013X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORDURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

BAKKAÁ 1988

INNANGUR

Seiðastofnar Bakkaár voru athugaðir 24.ágúst 1988 og fór athugunin fram á svipaðan hátt og á undanförunum árum. Rafveitt var á átta stöðum, og var leitast við að veiða á því sem næst sömu stöðum eins og árin á undan til að sem raunhæfastur samanburður fengist.

Í fyrri skýrslum hefur verið gerð ítarleg grein fyrir búsvæðum laxaseiða í Bakkaá og helstu markmiðum seiðakannana sem þessari. Því verður hér einungis gerð stutt grein fyrir niðurstöðum rafveiðanna. Einnig verður rætt um niðurstöður aldursgreininga hreistursýna. Alls bárust 36 sýni.

NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 1 og á Mynd 2. Á stað 3 fannst áberandi mikið af 0+ sleppiseiðum, og þeirra varð einnig vart á stað 2. Eins og fram kom í skýrslu síðasta árs um niðurstöður rafveiðanna 1987 (Tumi Tómasson, 1988) var ekki talið æskilegt að bæta á garðann á þessu svæði. Mælt var með að farið yrði lengra frameftir með sleppiseiðin, framfyrir venjulegt sleppisvæði. Að vísu leita seiðin almennt upp ána, en það er þó vænlegast til árangurs að dreifa seiðum á þá staði þar sem þeim er ætlað að alast upp.

Neðar í ánni, á stöðum 4-6, eru 3+ seiði (hrygning haustið 1984) ríkjandi og virðist sem lítill hluti þess árgangs hafi gengið til sjávar vorið 1988. Þessi árgangur var tiltölulega stór og því var vöxtur seiðanna minni en undanfarandi ár, sem aftur leiðir til lengingar ferskvatnsdvalar. Því má reikna með að gönguseiðaframleiðsla af þessu svæði hafi minnkað vorið 1988, en muní aukast aftur 1989 og að flest gönguseiðin verði þá 4+.

Fyrir ofan fossinn, (staður 4) fannst eitt vorgamalt seiði. Líklega hefur því orðið hrygning 1987 skammt fyrir ofan fossinn, en seiðin ekki enn verið farin að dreifa sér upp ána. Þarna var lagt til að sleppt yrði smáseiðum s.l. sumar en það virðist ekki hefa verið gert. Ekki er ráðlegt að sleppa þarna seiðum í sumar (1989), því líklega mun fjöldi náttúrulegra 1+ seiða aukast þar verulega.

Fyrir neðan fossinn (staður 5) fundust nú 1+ seiði (hrygning haustið 1986) en sá árgangur fannst einmitt á stað 4 árið áður og hefur numið land upp ána, eins og búist var við. Líklega mun næsti árgangur einnig finnast þar í sumar því s.l. sumar fundust enn 0+ seiði á stað 6.

Náttúruleg 0+ seiði fundust á stað 7, en þar fyrir neðan, í giliinu kemst ekki náttúruklak upp. Þar eru hinsvegar góð uppeldisskilyrði sem sést af því hve vel hefur tekist til með smáseiðasleppingar þar.

Ekki virðist hafa verið sleppt aftur í Hrafnagilsána. Þar eru samileg búsvæði fyrir laxaseiði, en seiði í svona litlum ám /lækjum eru mjög viðkvæm fyrir afráni, einkum af völdum minka. Það væri þó ekki miklu til kostað að sleppa þarna nokkur hundruð seiðum nú í sumar.

NIÐURSTÖÐUR ALDURSGREININGAR HREISTURS

Í Töflu 2 er samantekt á niðurstöðum aldursgreininga hreistursýna og listi yfir sýnin fylgir á sér blöðum. Alls bárust 27 sýni af smálöxum og níu sýni af stórlöxum (löxum sem voru að snúa aftur eftir tveggja ára sjávardvöl). Af þessum níu sýnum voru tvö ólæsileg og eitt var af laxi sem var að hrygna öðru sinni.

Ferskvatnsaldur laxa í Bakkaá hefur enn lækkað og eldri smálaxarnir höfðu dvalið fjögur ár í ferskvatni. Um 40% smálaxanna má rekja til smáseiðasleppinga, en mikill meirihluti smálaxa úr náttúruklaki hafði dvalið þrjú ár í ánni. Of fá sýni bárust af stórlöxum til að hægt sé að draga af þeim miklar ályktanir. Þó er ljóst að árangur smáseiðasleppinga hefur mikil áhrif á fjölda stórlaxa.

ÁLYKTANIR

Niðurstöður rafveiðanna benda til að dregið hafi úr göngu-seiðaframleiðslu á svæðum þar sem hrygning á sér stað vorið 1988, en hún mun aukast þar aftur vorið 1989. Líklega mun því draga töluvert úr smálaxagengd 1989, en hlutdeild laxa af sleppiuppruna mun þó aukast.

Hátt hlutfall laxa af sleppiuppruna sýnir glöggst hve mikilvægt það getur verið fyrir framleiðslu árinna að nýta svæði með smáseiðasleppingum þar sem náttúruleg endurnýjun á sér ekki stað. Það er því sérstaklega mikilvægt að vandað sé til slíkra sleppinga.

Í sumar legg ég til eftirfarandi sleppingar:

- 1) Í gilið, frá brú og uppúr. Tvö seiði á hverja þrjá lengdarmetra, alls um 1500-2000 seiði.
- 2) Í Hrafnagilsá þar sem áin er grýtt, frá því fyrir neðan bæinn og um 2 km uppeftir, ca 500 seiðum, einu seiði á hverja 3-4 metra.
- 3) Efst í Bakkaá. Hefja sleppingarnar um 1 km fyrir ofan Bakkaselsvað og sleppa 1500-2000 seiðum, tveimur á hverja þrjá metra.

Ég vil sérstaklega árétta það hér að sé seiðum ekki dreift
nógu vel, eða þeim sleppt þar sem nóg er af seiðum fyrir, er
víst að árangur sleppinganna verður minni en efni standa til,
og jafnvel gætu þær haft neikvæð áhrif á
gönguseiðaframleiðslu árinna.

HEIMILDIR

Tumi Tómasson 1988. Athugun á laxastofni Bakkaár 1987.
Skýrsla Veiðimálastofnunar.
VMST-N/88014X, 6 bls.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Bakkaá 24/8 1988. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).


Staður nr	Stærð m	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m				
		0+	1+	2+	3+	4+
2	40x6	1.7	5.8	2.5	-	-
3	40x7	6.1	-	4.6	2.5	0.7
4	30x10	0.3	-	-	6.3	-
5	25x10	-	4.0	-	9.6	-
6	60x18	3.7	7.1	1.0	6.2	-
7	25x11	3.0	-	10.7	-	-
8	60x10	3.7	1.8	0.2	-	-
X	80x5	-	-	0.5	0.2	-

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna af löxum sem veiddust í Bakkaá sumarið 1987.


Ár í sjó					
Ár í ferskv.	1		2		
	fj	%	fj	%	
2	4	15	4	67	
3ss	7	26	-	-	
3	12	44	2	33	
4	4	15	-	-	
Samtals	27	100	6	100	

ss táknar að laxinn sé af sleppiuppruna, en seiðin hafi samt dvalist þrjú ár í ánni áður en þau náðu sjóþroska. Lax sem hefur dvalið tvö ár í ferskvatni er af sleppiuppruna. Að auki bárust þrjú hreistur af stórlöxum, tvö ólæsileg og eitt af laxi sem var að ganga öðru sinni (sýni nr. 21).

SKYR89
BAKKAÁ



Mynd 1. - Rafveiðistaðir í Bakkaá.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Bakkaá 24. ágúst 1988. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: BakkaFisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 36Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	26.06	♀	64	2.0	4	1 ⁺	
2	"	♀	74	3.5	2 ⁺	2 ⁺	
3	"	♂	80	4.5	3 ⁺	2 ⁺	
4	01.07		63	3.0	4	1 ⁺	
5	22.07	♀	58	4.0	2 ⁺	1 ⁺	
6	23.07	♂	61	2.5	3 ⁺	1 ⁺	
7	"	♂	60	2.5	3 ⁺	1 ⁺	
8	"	♂	58	2.0	4	1 ⁺	
9	25.07	♀	62	2.5	3	1 ⁺	
10	27.07	♂	65	2.5	3 ⁺	1 ⁺	
11	"	♀	57	1.5	3	1 ⁺ SS	
12	"	♀	56	1.5	3 ⁺	2 ⁺	
13	"	♂	87	6.0	omgitt á		
14	29.07	♀	63	2.5	3 ⁺	1 ⁺	
15	"	♀	63	2.5	4	1 ⁺	
16	"	♂	66	3.5	3	1 ⁺ SS	
17	"	♂	63	3.5	3	1 ⁺ SS	
18	"	♀	74	3.5	2 ⁺	2 ⁺	
19	30.07	♂	91	7.0	2 ⁺	2 ⁺	
20	"	♂	63	3.0	2 ⁺	1 ⁺ SS	
21	"	♀	80	5.5	5	1 ⁺ SS 1 ⁺	
22	"	♂	62	2.0	3	1 ⁺ SS	
23	"	♀	82	5.5	2 ⁺	2 ⁺	
24	"	♂	64	3.5	3	1 ⁺	
25	"	♂	66	3.0	3	1 ⁺ SS	
26	"	♀	63	3.0	3 ⁺	1 ⁺	
27	"	♂	63	3.0	3 ⁺	1 ⁺	
28	"	♀	76	5.0	omgitt á		
29	31.07	♂	66	3.5	3	1 ⁺ SS	
30	"	♀	60	2.5	3	1 ⁺	
31	"	♀	60	3.0	3 ⁺	1 ⁺	
32	"	♂	63	3.5	2 ⁺	1 ⁺	

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

BRISTURSÝNI

Fisktegund: Lax

Fjöldi sýna: 36

Veidiár: 1988[illegible]